

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Berjavellir nr. 3 og Einivellir nr. 7, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Berjavellir nr. 3 og Einivellir nr. 7, Hafnarfirði.

Breytingin felst m.a. í að hæð húss við Berjavelli nr. 3 hækkar úr 3 hæðum í 4 hæðir og fjöldi íbúða verður 16 í stað 12, auk fjölgunar bílastæða. Íbúðablokk við Einivelli nr. 7 hækkar úr 4 hæðum í 5 hæðir og íbúðum fjölgar úr 24 í 35. Mænishæð hækkar um 55 cm frá fyrri skilmálum. Bílastæðum í bílgeymslu fjölgar í 12 stæði. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 27. febrúar 2006.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006